

Starfsreglur SAMTAKA

svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar

1. SAMTAKA - svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar er samstarfsvettvangur foreldra barna í grunnskólum Akureyrar og málsvari foreldra grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Tilgangur svæðisráðsins er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla bæjarfélagsins og með því að velja fastan fulltrúa foreldra úr svæðisráðinu sem áheyrnarfulltrúa á fundum fræðslu- og lýðheilsuráði.
2. Hver grunnskóli skipar tvo fulltrúa í svæðisráðið. Annar skal vera aðalmaður og hinn varamaður. Báðir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en hver skóli hefur eitt atkvæði við ákvarðanatöku. Æskilegt er að annar fulltrúana sé skipaður til tveggja ára til að tryggja eðlilegri endurnýjun í ráðinu. Stjórn svæðisráðsins skal stuðla að fulltrúar Grunnskólans í Hrísey, Grímsey og Hlíðarskóla hafi rödd innan ráðsins.
3. Svæðisráðið fundar reglulega yfir skólaárið. Fundarstaðir og fastir fundartímar skulu ákveðnir á fyrsta fundi svæðisráðsins. Aðalfundur svæðisráðsins skal haldinn að hausti, ekki seinna en miðjan nóvember.
4. Svæðisráðið velur á aðalfundi sínum formann, varaformann og ritara sem mynda saman stjórn. Á aðalfundi skal jafnframt velja áheyrnarfulltrúa í fræðslu- og lýðheilsuráð og fulltrúa og varamann í fulltrúaráð Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra. Við kjör í trúnaðarstöður í svæðisráðinu skal þess gætt eins og kostur er hverju sinni að velja fulltrúa foreldra úr sem flestum af skólunum og að hvert trúnaðarembætti fyrir sig færist með einhverjum hætti á milli skólanna.
5. Stjórn svæðisráðsins sér um að boða til funda með dagskrá, heldur til haga gögnum ráðsins og kemur þeim áfram til næstu stjórnar.
6. Ritari ritar fundargerðir ráðsins og skal senda á fundarmenn til samþykktar eftir fundi lýkur rafrænt. Þegar fundargerð er samþykkt skal birta þær á vefsvæði svæðisráðsins.
7. Áheyrnarfulltrúi í fræðslu- og lýðheilsuráði fylgir eftir erindum frá svæðisráðinu og stjórn foreldrafélaganna og miðlar upplýsingum til fulltrúa í svæðisráðinu. Áheyrnarfulltrúinn starfar samkvæmt starfsreglum ráðsins.
8. Fulltrúi og varafulltrúi Heimilis og skóla starfa samkvæmt reglum Heimilis og skóla. Skulu þeir fylgja eftir erindum frá svæðisráðinu, stjórn foreldrafélaganna og málefnum foreldra almennt á þá fundi.
9. Svæðisráð, í samvinnu við foreldrafélög grunnskólanna, stendur fyrir fræðslufundum um skóla- og uppeldismál að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu. Fundirnir skulu vera opnir öllum.

Samþykkt á auka-aðalfundi 21. nóvember 2022